

Nafn sendanda: Hilmir Snævar Jóhannesson

Dagsetning: 15. febrúar 2024

Mál nr.: 697

Heiti þingmáls: Meðferð sakamála - hámarkstími rannsóknar

Fer fram á **viðbót** þar sem ákvæðin öll eru takmörkuð við aðstæður þar sem kærði er samvinnuþýður, hefur látið af hendi afrit af umbeðnum sönnunargögnum og látið af öllum aðgerðum gegn brotþola, vitnum og þeim sem sækja málið.

Til vara fer ég fram á **viðbót** þar sem 5 ára heildartíminn haldi sér en takmörkunin eigi við í öllum öðrum tilvikum. Samhliða þessu set ég fram fyrirvara að þessi varakrafa sé eingöngu gild ef rökstuðningur sé gefinn, sem einblínir ekki einvörðungu á málflutning frumflytjenda.

Tilgangurinn er að koma í veg fyrir aðstæður þar sem sá kærði geti hægt á meðferð málsins í þeim tilgangi að málið nái eins árs vinnslu og falli niður þess vegna. Ég vill minna frumflytjendur á að þessar aðstæður hafa komið fyrir í íslenskum málum.

Kveðja,

Hilmir Snævar